

Tjörneshreppur
Ytri-Tungu
641 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. október 2014
Tilvísun: UST20141000168/bs

Framkvæmdir í Hallbjarnarstaðagili á Tjörnesi. Umsögn

Vísað er til bréfs hreppsnefndar Tjörneshrepps dags. 17. október sl. og meðfylgjandi minnisblaði Náttúrustofu Norðausturlands varðandi rask í Hallbjarnargili á Tjörnesi þar sem svæði á náttúruminjaskrá var raskað við lagningu strengja og vatnsleiðslu að húsi í Tungulendingu.

Óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar og tillagna um aðgerðir.

Við ofangreindar framkvæmdir hefur grjóti verið raðað á lagnaleiðina og jafnframt hefur verið krafsað í sjávarbakkann, en Tjörneslögin, strandlengjan og sjávarbakkar á vestanverðu Tjörnesi eru á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur lofsvert að hreppsnefnd Tjörneshrepps sýni náttúruminjum í Tjörneshreppi slíkan áhuga. Umhverfisstofnun bendir á að í 38.gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999 skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar þegar hætta er á því að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá og hefði því átt að leita umsagnar stofnunarinnar áður en framkvæmdaleyfi var gefið út fyrir framkvæmdinni.

Stofnunin telur úr því sem komið er ekki ástæðu til að reyna að ganga frá ummerkjum eftir gröfu í fjörukambi þar sem slíkt myndi hafa frekara rask í för með sér. Ástæða er til að ætla að ummerkin veðrist nokkuð hratt og ættu að verða lítt sýnileg að nokkrum árum liðnum.

Varðandi grjót á lagnaleið ætti ekki að fjarlægja grjótið að óathuguðu máli, því ætla má að grjótið eigi að verja lagnaleiðina fyrir vatnsrofi. Að álti Umhverfisstofnunar mætti allt eins láta grjótið vera, en ef það verður fjarlægt ætti að tryggja að ekki verði rof á lagnaleiðinni sem kalla myndi á enn frekari aðgerðir.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Björn Stefánsson
sérfræðingur